

Origo hf. - Jón Mikael Jónasson nýr framkvæmdastjóri Notendalausna Origo

Jón Mikael Jónasson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Notendalausna hjá Origo og mun hann hefja störf 1. september nk. Jón Mikael kemur frá Ölgerðinni þar sem hann hefur verið framkvæmdastjóri Danól frá 2017. Hann hefur starfað hjá Ölgerðinni og félögum innan Ölgerðar samsteypunnar sl. 20 ár þar sem hann hefur sinnt hinum ýmsu stjórnendastöðum, bæði sem sölu- og markaðsstjóri, vörumerkjastjóri og framkvæmdastjóri Danól. Jón Mikael er menntaður viðskiptafræðingur frá Háskólanum í Reykjavík og Erasmus University í Hollandi. "Við hlökkum til að fá Jón Mikael til liðs við okkur í Team Origo," segir Jón Björnsson forstjóri Origo hf.

Viðhengi

[Origo hf. - Jón Mikael Jónasson nýr framkvæmdastjóri Notendalausna Origo](#)